

## **Afnota- og þjónustusamningur við Sambo 80, íþróttafélag**

**Sambo 80 kt. 590319-2360 og Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 gera með sér eftirfarandi afnota- og þjónustusamning:**

### **1.gr.**

Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að leggja Sambo 80, íþróttafélag (Sambo 80 hér eftir) til aðstöðu að Flatahrauni 14 fyrir starfsemi sína, fastanúmer 2074810 og landnúmer 120489.

Um er að ræða sal á efri hæð, andyri, aðgang að salerni, skrifstofu og stigagang alls 200 fermetrar, þar sem Hafnarfjarðarbær afhendir húsnæðið í núverandi ástandi. Sambo 80 hefur heimild til að aðlaga húsnæðið að starfsemi sinni án fastrar kostnaðarhlutdeildar Hafnarfjarðarbæjar.

### **2.gr.**

Með samningi þessum er markmiðið að efla möguleika bæjarbúa til að stunda Sambo 80 í bænum og að sem flestum gefist kostur á þátttöku í greininni án óhóflegrar gjaldtöku.

### **3. gr.**

Vegna reksturs skrifstofu félagsins leggur Hafnarfjarðarbær Sambo 80 400.000 kr. fyrir árið 2019 og aftur 400.000 kr. fyrir árið 2020. Sambo sendir inn reikning til Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbær rekur húsnæðið að öðru leiti. Skrifstofa æskulýðsfulltrúa greiðir innri húsaleigu vegna alls hússins en hlutfall innri leigu vegna aðstöðu Sambó skal sjást sem framlag Hafnarfjarðarbæjar í fjárhagsáætlun til félagsins.

Hafnarfjarðarbær rekur eldvarna- og öryggiskerfi hússins, sér um að greiða fyrir sorphirðu, rafmagn, hita og rekstur slökkvitækis og ræstingu á öðrum hluta hússins en þeim sem eru í umsjá Brettafélagsins.

### **4.gr**

Í húsnæðinu er ekki leyfilegt að neyta vímuefna, tóbaks eða áfengis og ber Hafnarfjarðarbær og Sambo að framfylgja því. Ekki er leyfilegt að vera með starfsemi í húsinu fyrir börn yngri en 16 ára utan þess tíma sem útvistarreglur barna heimila né er heimilt að vera með barnastarfsemi nema umsjón þess sé á hendi fullorðinna. Ekki er leyfilegt að vera með starfsemi í húsnæðinu fyrir fullorðna eftir miðnætti nema ef um sérstakt verkefni er að ræða og skal það tilkynnt æskulýðsfulltrúa sérstaklega.

### **5. gr**

Sambo 80 skuldbindur sig til að skipuleggja námskeið og kynna fyrir börn, unglinga og fullorðna og standa fyrir æfingum fyrir meðlimi sína.

Hafnarfjarðarbær og Sambo 80 munu saman standa fyrir kynningum á greininni fyrir börn í frístundaheimilum í grunnskólum bæjarins.

Í kynningarefni sínu skal Sambo geta stuðning Hafnarfjarðarbæjar við félagið.

**6. gr.**

Skrifstofa félagsins skal meðal annars halda utan um bókhald félagsins eins og lög og reglur gera ráð fyrir auk þess að veita bæjaryfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar. Skila skal æskulýðsfulltrúa árlega yfirlitskýrslu yfir starfsemi félagsins.

**7. gr.**

Telji Hafnarfjarðarbær/Íþróttá- og tómsfundafulltrúi samning þennan brotinn, skal hann snúa sér til stjórnar Sambo og krefjast úrbóta á því sem ábótavant er. Verði félagið ekki við þeim kröfum er heimilt að rifta samkomulaginu.

**8. gr.**

Húsnæðið skal, þegar það er afhent leigjanda, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

Húsnæðið í heild sinni er í umsjá Umhverfis og framkvæmda sem sjá um stærra viðhald á húsnæðinu.

Óheimilt er að nota húsnæðið á annan hátt en um er samið í þessum samningi. Til að mynda er búseta bönnuð í húsnæðinu. Leigjanda er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði. Þær breytingar sem leigutaki hefur hug á að gera, skal gera í samráði við leigusala. Tilkynna skal leigusala án tafar um þau atriði utan húss eða innan sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds.

Sambo 80 skal bæta tjón á húsnæðinu eða fylgifé þess, sem verður af völdum meðlima þess sjálfs, eða annarra manna sem það hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það. Sambo er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu í sal og aðstöðu sinni.

Umhverfi og framkvæmdir annast allt annað viðhald á hinu leigða, innan húss sem utan, m.a. viðgerðir á gluggum, raftækjum, hreinlætistækjum og öðru því er fylgir húsnæðinu, ef leigjandi sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjónar Sambo 80 eða fólks á hans vegum. Umhverfi og framkvæmdir skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í góðu ástandi, m.a. með því að láta mála húsnæðið og viðhalda gólfum þess og öðru slitlagi með hæfilegu millibili, eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um. Umhverfi og framkvæmdir skal ætíð bera tjón á hinu leigða, sem er bótaskyld samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar.

**9. gr.**

Umhverfi og framkvæmdir skal tryggja að við opnun hússins séu eldvarnamál hússins komin í lag. Sambo sér um ræstingu á því svæði sem félagið hefur umsjón með.

Áður en opin starfsemin hefst í húsnæðinu skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis taka út húsnæðið auk þess sem eldvarnamál hússins skulu hafa verið tekin út af viðurkenndum aðila.

**10. gr.**

Samningur þessi gildir frá 19. ágúst 2019 til 31. des 2020. Samninginn má endurskoða verði verulegar breytingar á umfangi og rekstri félagsins eða húsnæðisins. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

**11. gr.**

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal staðfestur með undirritun í votta viðurvist.

**Hafnarfjörður, 29. ágúst 2019**

**F.h. Sambo 80**

**F.h. Hafnarfjarðarbæjar**

\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri undirskrift :